

Til aðildarsveitarfélaga SASS,

Selfossi, 7. júní 2018

Efni: Aukaaðalfundur Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga

Eins og fram kemur í tölvupósti sem sendur var 20. apríl sl. verður aukaaðalfundur Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga haldinn í Vestmannaeyjum þann 27. júní nk.

Óskað er eftir að sveitarfélögin tilkynni þátttöku fulltrúa sinna á meðfylgjandi kjörbréfum, sem send verði á netfangið alda@sudurland.is fyrir 21. júní nk., í samræmi við eftirfarandi töflu:

Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1.1.2018	Fjöldi fulltrúa
Sveitarfélagið Hornafjörður	2.306	5
Skaftárhreppur	560	3
Mýrdalshreppur	633	3
Rangárþing eystra	1.798	4
Rangárþing ytra	1.610	4
Vestmannaeyjar	4.284	7
Ásahreppur	247	2
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	690	3
Flóahreppur	644	3
Sveitarfélagið Árborg	8.995	11
Hrunamannahreppur	774	3
Bláskógabyggð	1.115	4
Grímsnes- og Grafningshr.	479	2
Hveragerði	2.566	5
Sveitarfélagið Ölfus	2.111	5
Samtals	28.812	64

Kjörgengir á aukaaðalfundinn eru framkvæmdastjórar sveitarfélaga, sveitarstjórnarmenn og varamenn þeirra.

Tekin hafa verið frá herbergi á Hótel Vestmannaeyjum fyrir þá sem koma til Eyja þann 26. júní nk. en ítrekað er að aukaaðalfundurinn verður haldinn 27. júní og hann verður settur kl. 11:00.



Ætlast er til að sveitarfélögin panti í einu lagi fyrir sína fulltrúa með því að senda pöntun á netfangið; booking@hotelvestmannaeyjar.is eða í síma 481 2900.

Gistingin greiðist af viðkomandi sveitarfélögum.

SASS mun panta gistingu fyrir stjórnarmenn samtakanna þannig að sveitarfélögin þurfa ekki að líka að gera það þó þau séu fulltrúar þeirra á fundinum.

Annar kostnaður vegna fundarins, þ.e. vegna kaffiveitinga og kvöldverðar o.fl., verður síðar innheimtur af SASS.

Þar sem uppselt er með Herjólfri frá Landeyjahöfn kl. 09:45 miðvikudaginn 27. júní höfum við pantað bát frá Viking tours sem fer frá Landeyjahöfn kl. 09:15.

Getum við tekið niður pantanir í þann bát hér á skrifstofunni.

Fyrir þá sem það kjósa er enn nóg til af lausum sætum í Herjólf þriðjudaginn 26. júní nk.

SASS á svo frátekin pláss kl. 16 frá Eyjum til Landeyjahafnar miðvikudaginn 27. júní nk., eftir að fundi líkur.

Með kveðju,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri